# Uppgjör 4. ársfjórðungs 2022

**9. febrúar 2023**

Magnús Kr. Ingason

FESTI

# Yfirlit

FESTI

- **Starfsemin á 4F 2022**
- Uppgjör 4F og 12M 2022
- Staða og horfur

# Helstu niðurstöður á 4F 2022

FESTI

## Vörusala
**31.744 m.kr.**
+20,1% milli ára




## Framlegð af vörusölu
**21,6%**
-3,1 p.p. milli ára




## Laun/Framlegð af vörusölu
**54,4%**
+7,3 p.p. milli ára




## EBITDA
**2.293 m.kr.**
-18,4% milli ára




## EBITDA/Framlegð af vörusölu
**33,4%**
-9,7 p.p. milli ára




## Handbært fé frá rekstri
**1.830 m.kr.**
+206,1% milli ára



# Mikil söluaukning á fjórða ársfjórðungi 2022

- **Vörusala jókst um 20,1% milli ára** en góð magnaukning varð á flestum sviðum rekstrar.
- **Mikil hækkun hrávöruverða milli ára** hafði töluverð áhrif á veltutölur og framlegðarstig, sérstaklega í eldsneytishluta rekstrarins. Framlegðarstig lækkaði heilt yfir um 3,1 p.p. milli ára.
- **Verslun Krónunnar opnaði við góðar viðtökur á Akureyri í byrjun desember**. Þann 1. febrúar mun Krónan svo bjóða upp á heimsendingar í gegnum snjallverslun sína á Akureyri.
- **Söluaukning ELKO í raftækjum** var 4,5% á ársfjórðungnum en á sama tíma eru vísbendingar um að raftækjamarkaðurinn hafi dregist saman um allt að 10% skv. Meniga tölum.
- **Icelandic Food Company ehf.**, 45% eignahlutur keyptur, verður dótturfélag í 100% eigu Krónunnar frá 1. janúar 2023.
- **Yfirfærsla raforkuviðskipta Reykjavíkurborgar** frá ON til N1 er lokið. Þetta er í fyrsta skipti sem Reykjavíkurborg kaupir rafmagn af öðrum raforkusala.
- **N1 appið** fer vel af stað og hafa yfir 5.000 notendur hlaðið því niður.

# Aukið framboð þjónustu og vara hjá N1 á 4F 2022

- **N1 styrkir framboð sitt af hollum og ferskum skyndibita.** Djúsí komið á fleiri N1 stöðvar og opnaði síðast í Borgartúni í ársfjórðungnum. Djúsí og Ísey Skyr Bar mun opna í Háholti á F1 2023.

- **Ný og endurbætt þjónustustöð /smurstöð opnuð í Stórahjalla.** Þjónustuupplifun viðskiptavina bætt verulega.

- Þjónustustöðvar N1 afhentu ríflega 82 þúsund pakka fyrir **Dropp** á ársfjórðungnum og 214 þúsund pakka yfir allt árið.

- Mikil aukning frá fyrra ári í sölu í öllum vöruflokkum hjá **Bílaþjónustu N1.** Auk þess sem **Dekkjahótel N1** nýtur síaukinna vinsælda og vöxtur mikill milli ára.

- **Verkstæði N1 í Klettagörðum** feiknavel tekið af viðskiptavinum með stærri bíla og tæki.






# Stafræn mál og góðgerðarmál hjá N1

- **N1 þjónustuappið fer vel af stað** og hafa rúmlega 5.000 notendur hlaðið því niður.
- **Áframhaldandi þróun** er í fullum gangi og styttist í að viðskiptavinir geti pantað sér veitingar hjá N1, Ísey Skyr Bar og Djúsí með appinu.
- N1 mun stíga fyrstu skrefin í **sjálfsafgreiðslu** á næstu mánuðum með uppsetningu á „kioskum“ á völdum þjónustustöðvum N1.
- **N1 styrkti fjölda góðgerðarmála** má helst nefna Kvennaathvarfið, BUGL, Mæðrastyrksnefnd, Fjölskylduhjálp og Píetar.
- **N1 var áberandi með glæsilegan bás á** bæði Landbúnaðarsýningunni og Sjávarútvegssýningunni.









# N1 Rafmagn sameinast N1 í ársbyrjun 2023

- **N1 Rafmagn sameinaðist N1 í ársbyrjun 2023** sem gerir félaginu kleift að auka þjónustuframboð til allra viðskiptavina N1.

- **Viðskiptavinir N1 Rafmagns** fóru í fyrsta skipti **yfir 21 þúsund** á seinni hluta ársins.

- **Tvær nýjar hraðhleðslustöðvar** voru standsettar við þjónustustöð N1 í Borgarnesi og **unnið er að fjölgun hraðhleðslustöðva** við aðrar þjónustustöðvar á næstu mánuðum.

- **N1 appið var virkjað fyrir allar hraðhleðslustöðvar** og nú geta viðskiptavinir N1 ræst og stöðvað hleðslu með appinu ásamt því að finna næstu lausu hraðhleðslustöð.



# Glæsileg stórverslun opnuð á Akureyri og mikill gangur í Snjallverslun Krónunnar

KRÓNAN

- **Stórglæsileg verslun Krónunnar á Akureyri** opnaði við frábærar móttökur í byrjun desember. Heimsendingar í gegnum snjallverslun í boði frá febrúar 2023.
- **Endurnýjun og uppfærsla á Krónunni í Mosfellsbæ og í Árbæ lokið** við góðar undirtektir viðskiptavina.
- **Snjallverslun á mikilli siglingu** og hefur sala aukist um 70% borið saman við sama tímabil árið 2021.
- **Skannað og Skundað er nú í boði í öllum 26 verslunum Krónunnar** og vinsældir aukast jafnt og þétt.
- **Kr.- vörumerkið lagt niður** og verður Kr.- verslunum á Vík og Þorlákshöfn breytt í Krónuverslanir á komandi ári.
- **Krónan opnaði þurrvörubar í Skeifunni** sem nýja viðbót inn í umbúðalausar lausnir Krónunnar.
- **Krónan valin í topp 5 markaðsfyrirtæki landsins** samkvæmt ÍMARK.
- **Krónan tilnefnd til Fjöreggsins** fyrir eftirtektarverðan árangur í að draga úr matarsóun.







# IFC nýtt dótturfélag Krónunnar frá 1. janúar 2023

- Félag**ið IMF ehf. var stofnað í lok árs 2019** sem samstarfsverkefni Gleðipinna, Rotisserie og Festi til að sinna framleiðsu á vörum til sölu í verslunum Krónunnar, N1 og fyrir veitingastaði Gleðipinna.

- **Árið 2022 þá var nafni og vörumerki fyrirtækisins** breytt í Icelandic Food Company (IFC ehf.).

- **Framleiðslufyrirtækið Icelandic Food Company var keypt í árslok og er nú dótturfélag Krónunnar.** Með þessu mun Krónan styrkja stöðu sína enn frekar í tilbúnum og hálftilbúnum réttum.

- **Framkvæmdastjóri fyrirtækisin er Þórður Bjarnason.**









# Krónan með ánægðustu viðskiptavinina og sýnilegan árangur í jafnréttismálum

- **Krónan hlaut Íslensku Ánægjuvogina sjötta árið í röð** og er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði.

- **Krónan hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar** fyrir að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnar.

- **Krónan hlaut Hvatningarverðlaun Jafnréttismála** Samtaka Atvinnulífsins og Háskóla Íslands fyrir sýnilegan árangur í jafnréttismálum.

- **Krónan hlaut viðurkenningu Brandr** fyrir besta íslenska vörumerkið á einstaklingsmarkaði.










- **Rúmlega 450 fjölskyldur fengur matarúttekt fyrir jólin** frá Krónunni og viðskiptavinum. Samtals söfnuðust **10 milljónir í matarúthlutanir.**

- **Glæsileg jólaherferð mældist vel fyrir þar sem Krónan stóð fyrir stærsta leynivinaleik Íslandssögunnar.**

- **Hlutdeild Krónunnar á dagvörumarkaði** á meðal fólks á aldrinum 25-55 ára á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist **frá 33% árið 2019 í 42% árið 2022** samkvæmt markaðskönnun á vegum Gallup.

- **Meðmælaskor (NPS) hjá viðskiptavinum Krónunnar skv. Gallup mældist með hæsta móti í desember eða 28 stig**, á meðan samkeppnin mældist að meðaltali með 10 stig.

# Þróun verðlags og ástand á hrávörumörkuðum

- Skýr merki þess á Q4 að **neytendur hafa breytt neyslumynstri sínu** og eru í auknum mæli að **færa sig yfir í ódýrari valkosti** í ljósi verðlagsþróunar. Væntum þess að sjá þessa þróun áfram.

- Áframhaldandi þrýstingur á framlegð þar sem **ástand á hrávörumörkuðum er áfram erfitt.** Orkukostnaður og gasverð erlendis áfram hátt. Gengisveiking krónunnar er einnig áhyggjuefni.

- **Verð á hrávörumörkuðum farin að lækka í mörgum vöruflokkum**, en mismunandi hvenær þetta skilar sér í lægri innkaupsverðum. Væntum þess að sjá lækkanir á t.d. hveiti og kaffi fyrir lok Q2. Ástandið áfram erfitt í gasfrekri framleiðslu, s.s. pappír.

- **Leitum leiða í hvívetna til að hagræða í verðum og sporna við auknum kostnaði í aðfangakeðjunni.** Höfum fjölgað erlendum birgjum og aukið eigin innflutning á síðustu mánuðum.


















# ELKO í sókn á markaði sem annars sýnir samdrátt

- Vísbendingar eru um að raftækjamarkaðurinn hafi dregist saman um allt að 10% skv. Meniga tölum á meðan **söluaukning ELKO í raftækjum var 4,5% á ársfjórðungnum**.

- **Unaðstæki** fóru í sölu í Vefverslun á degi einhleypra og fengu góðar viðtökur. Vörurnar eru einnig komnar í sölu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

- **Samlegðaráhrifin af nýrri staðsetningu ELKO í Skeifunni** við hlið Krónunnar eru sterk en söluaukning milli ára á svæðinu í ársfjórðungnum er 20%.

- **ELKO auglýsti í fyrsta skipti á erlendri grundu** á flugvellinum á Tenerife.

- **Jónína Birgisdóttir var ráðin forstöðumaður þjónustusviðs ELKO**. Jónína var áður sölu- og þjónustustjóri hjá Ölmu íbúðafélagi, þar sem Jónína  sá um þjónustusviðið. Jónína er lögfræðingur að mennt.



# Vefverslun ELKO aldrei vinsælli

- **Hlutfall Vefverslunar ELKO af sölu verslana aldrei verið hærra** í desember mánuði eða yfir 30%. Augljóst að viðskiptavinir halda áfram að færa viðskipti sín á rafræna miðla í auknum mæli.

- **Jólaherferð ELKO** frumsýnd í nóvember við góðar undirtektir þar sem áhersla var á **hvernig ELKO getur gert lífið auðveldara með ótrúlegri tækni og þjónustu**. Jólagjafahandbók ELKO kom út sem fyrr og mikil ánægja mælist með blaðið.

- **ELKO útdeildi úr styrktarsjóðnum** líkt og fyrri ár í ársfjórðungnum þar sem viðskiptavinir völdu sjálfir málefni þar sem **Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna** varð fyrir valinu. Eins völdu starfsmenn einnig málefni sjálfir og afhentu styrki til fjölmargra málefna. Eins var **Kvennaathvarfið** styrkt með úrvali af tækjum og afþreyingarefni.

- **Playstation 5 leikjatölvan enn vinsæl**, lítið framboð og allar sendingar **seldust fljótt upp á árinu**.

- **Loftsteikingarpottur** (e. Air Fryer) var **jólagjöf ársins!**






# Yfirlit

FESTI

- Starfsemin á 4F 2022
- **Uppgjör 4F og 12M 2022**
- Staða og horfur

# Rekstur samstæðunnar á 4F 2022

FESTI

- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 5,3 ma. kr. eða 20,1% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 6.871 millj. kr. Aukningin nam 349 millj. kr. eða 5,4% á milli ára.
- **Miklar hækkanir á hrávöru-, flutnings og dreifingarkostnaði** í samanburði milli ára auka veltu og lækka framlegðarstig.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.735 millj. kr., hækkun um 663 millj. kr. eða 21,6% milli ára.
- **Stöðugildi** voru 1.284, aukning um 129 eða 11,2% á milli ára.
- **Viðbótarkostnaður** vegna nýs kjarasamnings á vinnumarkaði frá 1. nóvember sl. nam um 200 millj. kr. á fjórðungnum.
- **EBITDA** 2.293 millj. kr. **á fjórða ársfjórðungi 2022**, lækkun um 516 millj. kr. eða 18,4% milli ára.

| Milljónir króna | 4F 2022 | 4F 2021 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vöru- og þjónustusölu | 31.744 | 26.428 | 5.316 | 20,1% |
| Framlegð af vörusölu | 6.871 | 6.522 | 349 | 5,4% |
| Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur | 673 | 724 | (51) | -7,1% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (3.735) | (3.072) | (663) | 21,6% |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.515) | (1.364) | (151) | 11,1% |
| EBITDA | 2.293 | 2.809 | (516) | -18,4% |
| **Lykiltölur** | | | | |
| EBITDA/framlegð af vörusölu | 33,4% | 43,1% | -9,8% | -22,5% |
| Laun/framlegð af vörusölu | 54,4% | 47,1% | 7,3% | 15,4% |
| Hagnaður á hlut | 2,29 | 4,26 | -1,97 | -46,2% |









# Rekstur samstæðunnar á 12M 2022

FESTI

- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 22,7 ma. kr. eða 23% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 26.994 millj. kr. Aukningin nam 2.348 millj. kr. eða 9,5% á milli ára.
- **Miklar hækkanir á hrávöru-, flutnings og dreifingar-kostnaði** í samanburði milli ára auka veltu og lækka framlegðarstig.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 13.456 millj. kr., hækkun um 1.797 millj. kr. eða 15,4% milli ára.
- **Stöðugildi** voru 1.251, aukning um 74 eða 6,3% á milli ára.
- **EBITDA** 10.020 millj. kr. **á árinu**, lækkun um 98 millj. kr. eða 1,0% milli ára.

| Milljónir króna | 12M 2022 | 12M 2021 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vöru- og þjónustusölu | 121.398 | 98.736 | 22.662 | 23,0% |
| Framlegð af vörusölu | 26.994 | 24.646 | 2.348 | 9,5% |
| Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur | 2.386 | 2.316 | 70 | 3,0% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (13.456) | (11.659) | (1.797) | 15,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | (5.905) | (5.186) | (719) | 13,9% |
| EBITDA | 10.020 | 10.118 | (98) | -1,0% |
| **Lykiltölur** | | | | |
| EBITDA/framlegð af vörusölu | 37,1% | 41,1% | -3,9% | -9,6% |
| Laun/framlegð af vörusölu | 49,8% | 47,3% | 2,5% | 5,4% |
| Hagnaður á hlut | 13,19 | 15,48 | -2,29 | -14,8% |









# Ytri áhrifaþættir 4F 2022

- **Sveiflur í gengi eldsneytisverðs** milli 4F 2021 og 4F 2022:
- **Meðalverð gasolíu** var 1.058 dollarar í samanburði við 690 dollara á 4F 2021, hækkun um 53%.
- **Meðalverð á bensíni** var 927 dollarar í samanburði við 785 dollara á 4F 2021, hækkun um 18%.

Verðþróun á Mogas 95 og Diesel




- **Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK** á 4F 2022:
- **USD styrktist** um 10,4% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 4F nam 5,8%.
- **EUR veiktist** um 1,6% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 4F nam 9,3%.

Þróun á gengi gjaldmiðla



# Framlegð af vörusölu á 4. ársfjórðungi

- **Aukin vörusala** í öllum flokkum milli ára en **framlegðarstig lækkar** vegna gríðarlegrar hækkunar á hrávöruverðum og alþjóðlegrar verðbólgu.
- **Framlegðarhlutfallið á 4F 2022 var 21,6%** og lækkar um 3,1 p.p.
- **Framlegð í krónum eykst** í öllum flokkum frá 4F 2021 **nema eldsneyti**.
- **Framlegð af dagvöru í krónum eykst um 13,5%** frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn minnkar um 18,7%, raftæki aukast um 1,1%** og **aðrar vörur aukast um 16,2%** milli ára.
- **Heildarframlegð eykst um 5,4%** og er 6.871 millj. kr. á fjórðungnum samanborið við 6.522 millj. kr. á 4F 2021.

## Framlegð af vörusölu




## Dagvara




## Eldsneyti og rafmagn




## Raftæki




## Aðrar vörur og þjónusta



# Laun og starfsmannakostnaður á 4F 2022

- **Laun og starfsmannakostnaður hækkar um 663 millj. kr.** á milli ára.
- **Stöðugildum fjölgar um 129 milli ára** og nemur hækkunin um 321 millj. kr.
  - Nýjar verslanir Krónunnar og ELKO, nýtt verkstæði N1 ásamt nýjum útsölustöðum skýra aukninguna milli ára.
- Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nemur 315 millj. kr. en þrjár samningsbundnar launahækkanir voru milli tímabila, í janúar, apríl og nóvember 2022.

| **Laun og launatengd gjöld samtals 4F 2021** | **3.072** |
|---|---:|
| Stöðugildi - breyting | 321 |
| Samningsbundnar launahækkanir | 248 |
| Orlofsskuldbinding | 67 |
| Starfsmannakostnaður | 27 |
| **Laun og launatengd gjöld samtals 4F 2022** | **3.735** |






# Starfsþáttayfirlit samstæðunnar fyrir 4F 2022

| Milljónir króna | N1 | Krónan | Elko | Önnur félög | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur utan samstæðu | 12.936 | 14.086 | 5.094 | 321 | 32.436 |
| Tekjur innan samstæðu | 72,8 | 24,2 | 2,7 | 1.613 | 1.712 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | **13.009** | **14.110** | **5.096** | **1.934** | **34.149** |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (12.233) | (13.139) | (4.488) | (1.138) | (30.997) |
| **EBITDA starfsþátta** | **776** | **971** | **609** | **796** | **3.152** |
| Afskriftir starfsþátta | (688) | (494) | (139) | (90) | (1.410) |
| Matsbreyting fjárfestingafasteigna | 0 | 0 | 0 | 174 | 174 |
| **EBIT rekstrarafkoma starfsþátta** | **88** | **477** | **470** | **881** | **1.916** |
| Hrein fjármagnsgjöld | (325) | (127) | (54) | (583) | (1.090) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga og tap af sölu eignarhl. | 0 | 0 | 0 | 69 | 69 |
| Tekjuskattur | 40 | (42) | (83) | (53) | (139) |
| **Hagnaður ársfjórðungsins** | **(198)** | **308** | **332** | **314** | **756** |
| Eignir starfsþátta | 28.165 | 21.283 | 5.983 | 37.943 | 93.373 |
| Fjárfestingar starfsþátta | 1.224 | 1.735 | 534 | 2.281 | 5.774 |
| Skuldir starfsþátta | 18.070 | 16.708 | 4.308 | 19.827 | 58.913 |

EBITDA starfsþátta




Eignir starfsþátta



# Starfsþáttayfirlit samstæðunnar fyrir 12M 2022

| Milljónir króna | N1 | Krónan | Elko | Önnur félög | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur utan samstæðu | 54.259 | 51.332 | 16.950 | 1.244 | 123.785 |
| Tekjur innan samstæðu | 263,5 | 94,7 | 11,9 | 6.372 | 6.742 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | **54.522** | **51.427** | **16.962** | **7.616** | **130.526** |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (50.056) | (47.618) | (15.209) | (4.132) | (117.014) |
| **EBITDA starfsþátta** | **4.466** | **3.809** | **1.753** | **3.484** | **13.513** |
| Afskriftir starfsþátta | (2.639) | (1.797) | (522) | (859) | (5.817) |
| Matsbreyting fjárfestingafasteigna | 0 | 0 | 0 | 216 | 216 |
| **EBIT Rekstrarafkoma starfsþátta** | **1.827** | **2.012** | **1.231** | **2.842** | **7.912** |
| Hrein fjármagnsgjöld | (886) | (443) | (117) | (2.181) | (3.628) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga og tap af sölu eignarhl. | 0 | 0 | 0 | 453 | 453 |
| Tekjuskattur | (196) | (286) | (223) | (110) | (814) |
| **Hagnaður tímabils** | **745** | **1.283** | **891** | **1.004** | **3.924** |
| Eignir starfsþátta | 28.165 | 21.283 | 5.983 | 37.943 | 93.373 |
| Fjárfestingar starfsþátta | 1.224 | 1.735 | 534 | 2.281 | 5.774 |
| Skuldir starfsþátta | 18.070 | 16.708 | 4.308 | 19.827 | 58.913 |

EBITDA starfsþátta




Eignir starfsþátta



# N1 - Helstu niðurstöður á 4F 2022

- Tekjur námu 13.009 millj. kr., aukning um 2.964 millj. kr. eða 29,5% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni jókst milli ára um 2.263 millj. kr. eða 36,7% á milli ára. Salan nam 41,8 millj. lítrum sem er 1% meiri en á síðasta ári en verðhækkun eldsneytis milli fjórðunga hefur hér önnur áhrif.
- Sala á öðrum vörum jókst um 623 millj. kr. eða 16,6% milli ára. Mikil aukning í hjólbörðum, þjónustu og efnavörum.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.018 millj. kr., lækkun um 233 millj. kr. eða 18,6% milli ára. Neikvæður mismunur í hagnaði eldsneytisvarna milli ára 124 millj. kr., einnig er lægri framlegð per líter í flestum vörutegundum og af raforkusölu.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 1.171 millj. kr., aukning um 201 millj. kr. eða 20,8% á milli ára.
- EBITDA var 776 millj. kr. sem er samdráttur um 301 millj. kr. eða 27,9% á milli ára.

**95** Afgreiðslustaðir eldsneytis

**12** Hjólbarða- og smurverkstæði

**14** Afgreiðslustaðir rafhleðslu

| | **4F 2022** | 4F 2021 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | **13.009** | 10.044 | 2.964 | 29,5% |
| Heildargjöld | **(12.233)** | (8.968) | (3.265) | 36,4% |
| EBITDA | **776** | 1.076 | (301) | -27,9% |
| EBITDA-hlutfall | **6,0%** | 10,7% | -4,8 p.p. | -44,3% |
| EBIT | **88** | 450 | (362) | -80,4% |
| EBIT-hlutfall | **0,7%** | 4,5% | -3,8 p.p. | -84,9% |
| Hagnaður | **(198)** | 259 | (457) | -176,2% |

# Krónan - Helstu niðurstöður á 4F 2022

KRÓNAN

- Tekjur 14.110 millj. kr. hækkun um 2.257 millj. kr. eða 19,0% á milli ára.
- Nýjar verslanir í Borgartúni, Akureyri og Skeifunni en annarri lokað í sama hverfi. Like for like tekjur eru að aukast um 8,7% milli ára.
- Ástand á hráefnismörkuðum erfitt vegna stríðsins í Úkraínu sem hefur áhrif á verð og vöruframboð.
- Verðfrysting á 240 vörum allan fjórðunginn til að svara ákalli um „að leggja lið gegn verðbólgunni".
- Sáum áfram hækkanir í öllum vöruflokkum á fjórðungnum og er framlegarstig undir þrýstingi vegna þessa.
- EBITDA 971 millj. kr., sem er hækkun um 86 millj. kr eða 9,7% á milli ára.

**27** Matvöruverslanir

Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með Svansvottun

**6 ár** Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

| | 4F 2022 | 4F 2021 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | **14.110** | 11.853 | 2.257 | 19,0% |
| Heildargjöld | **(13.139)** | (10.968) | (2.171) | 19,8% |
| EBITDA | **971** | 885 | 86 | 9,7% |
| EBITDA-hlutfall | **6,9%** | 7,5% | -0,6 p.p. | -7,8% |
| EBIT | **477** | 493 | (16) | -3,3% |
| EBIT-hlutfall | **3,4%** | 4,2% | -0,8 p.p. | -18,8% |
| Hagnaður | **308** | 320 | (12) | -3,7% |

# ELKO - Helstu niðurstöður á 4F 2022

- Tekjur 5.096 millj. kr., aukning um 276 millj. kr. eða 5,7% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum íslendinga þá eru verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að ná sér á strik, aukning 70% milli ára.
- Aukning veltu einnig í nýrri verslun ELKO í Skeifunni en minnkun í öðrum verslunum.
- Framlegðarstig svipað milli ára en þrýstingur vegna verðhækkana frá birgjum.
- EBITDA 609 millj. kr. sem er lækkun um 8 millj. kr. eða 1,4% á milli ára.

6 Raftækjaverslanir

Jafnvægisvogin 2022

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 2022

| | **4F 2022** | 4F 2021 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | **5.096** | 4.820 | 276 | 5,7% |
| Heildargjöld | **(4.488)** | (4.203) | (285) | 6,8% |
| EBITDA | **609** | 617 | (8) | -1,4% |
| EBITDA-hlutfall | **11,9%** | 12,8% | -0,9 p.p. | -6,7% |
| EBIT | **470** | 463 | 7 | 1,6% |
| EBIT-hlutfall | **9,2%** | 9,6% | -0,4 p.p. | -3,9% |
| Hagnaður | **332** | 344 | (11) | -3,3% |

# Önnur félög - Helstu niðurstöður á 4F 2022

- Tekjur 1.934 millj. kr., aukning um 31 millj. kr. eða 1,7% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 983 millj. kr. samanborið við 990 millj. kr. á 4F 2021.
- Eigin not húsnæðis eykst í 88% samanborið við 85% á 4F 2021, aukning um 3 p.p.
- Söluhagnaður 276 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 skekkir EBITDA samanburð milli ára.
- EBITDA 796 millj. kr. lækkar um 296 millj. kr. eða 20 millj. kr. ef tekið er tillit til söluhagnaðar 2021.

**81**
Eignir í eigu samstæðunnar

**97%**
Húsnæðis í útleigu

**88%**
Eigin not húsnæðis

| | **4F 2022** | 4F 2021 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | **1,934** | 1,902 | 31 | 1.7% |
| Heildargjöld | **(1,138)** | (810) | (327) | 40.4% |
| EBITDA | **796** | 1,092 | (296) | -27.1% |
| EBITDA-hlutfall | **41.2%** | 57.4% | -16.2 p.p. | -28.3% |
| EBIT | **881** | 1,050 | (170) | -16.2% |
| EBIT-hlutfall | **45.5%** | 55.2% | -9.7 p.p. | -17.5% |
| Hagnaður | **314** | 378 | (65) | -17.1% |

# Efnahagsreikningur 31.12.2022

| Milljónir króna | 31.12.2022 | 31.12.2021 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptavild | 14.862 | 14.668 | 194 | 1,3% |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.517 | 4.744 | (228) | -4,8% |
| Rekstrarfjármunir | 34.815 | 32.544 | 2.271 | 7,0% |
| Leigueignir | 8.012 | 6.155 | 1.857 | 30,2% |
| Fjárfestingarfasteignir | 6.479 | 6.100 | 378 | 6,2% |
| Eign í hlutdeildarfélögum | 2.601 | 2.324 | 277 | 11,9% |
| Eign í öðrum félögum | 14 | 13 | 1 | 9,3% |
| Langtímakröfur | 150 | 228 | (78) | -34,1% |
| **Fastafjármunir alls** | 71.450 | 66.778 | 4.673 | 7,0% |
| | | | | |
| Birgðir | 13.086 | 9.545 | 3.540 | 37,1% |
| Viðskiptakröfur | 5.960 | 4.757 | 1.203 | 25,3% |
| Aðrar skammtímakröfur | 764 | 889 | (124) | -14,0% |
| Handbært fé | 2.112 | 4.003 | (1.891) | -47,2% |
| **Veltufjármunir alls** | 21.923 | 19.194 | 2.728 | 14,2% |
| | | | | |
| **Eignir samtals** | 93.373 | 85.972 | 7.401 | 8,6% |

## Veltufjárhlutfall




## Veltuhraði birgða




- **Traustur efnahagsreikningur.**
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 2.649 vegna mikilla fjárfestinga** frá áramótum.
- Leigueignir **hækka vegna nýrra leigusamninga** verslana .
- Vörubirgðir og viðskiptakröfur **hækka í takt við hækkanir á hrávörumörkuðum** og opnun nýrra verslana.
- **Handbært fé 2.112 millj. kr. í lok árs** sem er 1.891 millj. kr. lækkun frá áramótum.

# Efnahagsreikningur 31.12.2022

FESTI

| Milljónir króna | 31.12.2022 | 31.12.2021 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 34.460 | 33.910 | 550 | 1,6% |
| | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 28.224 | 25.930 | 2.295 | 8,8% |
| Leiguskuldir | 7.715 | 5.869 | 1.846 | 31,5% |
| Tekjuskattskuldbinding | 6.001 | 5.590 | 411 | 7,3% |
| **Langtímaskuldir alls** | 41.940 | 37.388 | 4.552 | 12,2% |
| | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.790 | 1.382 | 408 | 29,5% |
| Leiguskuldir | 712 | 554 | 158 | 28,5% |
| Viðskiptaskuldir | 8.630 | 7.022 | 1.609 | 22,9% |
| Aðrar skammtímaskuldir | 5.841 | 5.716 | 126 | 2,2% |
| **Skammtímaskuldir alls** | 16.973 | 14.673 | 2.300 | 15,7% |
| | | | | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | 93.373 | 85.972 | 7.401 | 8,6% |

## Nettó vaxtaberandi skuldir




## Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA




- **Eiginfjárhlutfall 36,9% í lok árs.**
- **Kaup á eigin bréfum fyrir 1.932 millj. kr.** á árinu og **greiddur arður til hluthafa 1.563 millj. kr.**
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 1.594 millj. kr. á árinu**.
- **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir** hækka í takt við aukin umsvif.
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins** og **vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir**.

# Sjóðstreymi samstæðunnar á 4F 2022

- **Handbært fé frá rekstri nam 1.830 millj. kr.** og **hækkar um 942 millj. kr.** milli ára vegna lækkunar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum.
- **Fjárfestingar námu 1.440 millj. kr.** á 4F 2022, aukning um 548 millj. kr. milli ára.
- **Nýtt langtímalán 3.960 millj. kr.** til að fjármagna fjárfestingar ársins og fjárbindingu í birgðum.
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum og leiguskuldum** námu 885 millj. kr.
- **Aukning handbærs fjár** á 4F 2022 nam 944 millj. kr.

| Milljónir króna | 4F 2022 | 4F 2021 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Handbært fé í upphafi tímabils | 1.144 | 4.245 | (3.101) | -73,0% |
| Handbært fé frá rekstri | 1.830 | 888 | 942 | 106,1% |
| Fjárfestingar | (1.440) | (892) | (548) | 61,5% |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | 80 | 3.091 | (3.012) | -97,4% |
| Viðskipti við hluthafa | 0 | (669) | 669 | -100,0% |
| Viðskipti við lánastofnanir | 475 | (2.672) | 3.147 | -117,8% |
| Gengismunur af handbæru fé | 24 | 12 | 12 | 105,4% |
| Handbært fé í lok tímabils | 2.112 | 4.003 | (1.891) | -47,2% |



# Sjóðstreymi samstæðunnar á 12M 2022

- **Handbært fé frá rekstri nam 4.607 millj. kr.** og **lækkar um 3.685 millj. kr.** milli ára vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum.
- **Fjárfestingar námu 5.779 millj. kr.** á árinu, aukning um 3.330 millj. kr. milli ára.
- **Kaup á eigin bréfum** námu 1.932 millj. kr.
- **Greiddur arður** nam 1.563 millj. kr.
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum og leiguskuldum** námu 2.273 millj. kr.
- **Lækkun handbærs fjár** á árinu nam 1.964 millj. kr.

| Milljónir króna | 12M 2022 | 12M 2021 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Handbært fé í upphafi tímabils | 4.003 | 2.563 | 1.440 | 56,2% |
| Handbært fé frá rekstri | 4.607 | 8.292 | (3.685) | -44,4% |
| Fjárfestingar | (5.779) | (2.449) | (3.330) | 135,9% |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | 1.015 | 4.553 | (3.538) | -77,7% |
| Viðskipti við hluthafa | (3.495) | (2.430) | (1.064) | 43,8% |
| Viðskipti við lánastofnanir | 1.687 | (6.558) | 8.246 | -125,7% |
| Gengismunur af handbæru fé | 74 | 33 | 41 | 123,0% |
| Handbært fé í lok tímabils | 2.112 | 4.003 | (1.891) | -47,2% |



# Yfirlit

FESTI

- Starfsemin á 4F 2022
- Uppgjör 4F og 12M 2022
- **Staða og horfur**

# Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

| Hluthafar (10 stærstu) | % |
|---|---|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins,  A- og B-deild | 13,7 |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 10,8 |
| Gildi - lífeyrissjóður | 9,6 |
| Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 8,8 |
| Birta lífeyrissjóður | 7,1 |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 4,7 |
| Stapi lífeyrissjóður | 4,6 |
| Festa - lífeyrissjóður | 4,1 |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 3,7 |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 3,0 |

| Markaðsupplýsingar | |
|---|---|
| Útgefnir hlutir | 308 m. |
| Markaðsvirði í lok des. 2022 | 56.875 m.kr. |
| Markaðsvirði í lok sep. 2021 | 73.914 m.kr. |
| Fjöldi hluthafa | 1.269 |



# Staða og horfur árið 2023

**Afkomuspá ársins 2023**

- EBITDA spá Festi fyrir árið 2023 nemur 9.750 – 10.250 millj.kr.

**Forsendur og áhætta:**

- Áhrif kjaradeilna á vinnumarkaði.
- Áhrif stýrivaxtahækkana
- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög íslendinga til útlanda.

**Helstu atriði:**

- Rekstur fjórðungsins gekk í samræmi við áætlanir.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 20,1% en mikil aukning var í dagvörusölu og öðrum vörum.
- Áframhaldandi hátt verð á hrávörumörkuðum og aukin verðbólga setur þrýsing á framlegðarstig.
- Unnið þétt með birgjum til að tryggja vöruframboð og leitað allra leiða til að ná fram hagkvæmni til að vinna á móti verðhækkunum sem nú ganga yfir.
- Mikill fókus á rekstrarkostnað og leiðir til að lækka einingakostnað í samstæðunni.

**Fjárfestingar og viðskipti við hluthafa:**

- Fjárfestingar á 4F 2022 námu 1.439 millj. kr. og samtals 5.774 millj. kr. á árinu.
- Vegna óvissuþátta þá er CAPEX spá fyrir árið ekki gefin út að sinni.
- Endurkaupaáætlun hófst í janúar 2023 fyrir um 600 millj. kr.
- Tillaga um arð vegna ársins 2022, eða um 923 millj. kr. greiddan í apríl 2023.

# Takk fyrir

FESTI

# Fyrirvarar

FESTI

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.